

**Nr. 17 006 S 005 Lagarfoss****Skipverji slasast við fall**

IMO nr. 9641314  
Útgerð: Eimskip ehf  
Smíðaður: Kína 2014, stál  
Fánaríki ANTIGUA & BARBUDA  
Stærð: 10.106 BT  
Mesta lengd: 140,68 m  
Breidd: 23,20 m Dýpt: 8,70 m  
Vél: MaK, 9M43C, 9000 kw.  
Fjöldi skipverja: 12



Lagarfoss ©Ruud Glimmerveen

**Gögn:**

Slysatilkynning frá skipi  
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 3. apríl 2017 af Geirþrúði Alfreðsdóttir, Inga Tryggvasyni, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni. Hilmar Snorrason tók ekki þátt í afgreiðslu málsins.

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli..*

**Atvikalýsing:**

Þann 24. desember 2016 var Lagarfoss á siglingu frá Þórshöfn í Færeyjum til Immingham. Veður: SV + 45 m/s og ölduhæð 14 m.

Skipverji var á leið eftir gangi á A þílfari þegar skipið tók mikla dýfu í aftakaveðri en við það kastaðist hann til, lenti á hurðarhúni sem gekk inn í vinstri síðu hans þar sem hann fékk opið sár og úlnliðsbrotnaði.

Haft var samband við lækni í landi og eftir að hann hafði skoðað myndir af sárinu var það saumað saman um borð með sjö sporum.



Hurðarhúnninn eftir slysið

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.